



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
Reykjavík

Málsnr.: R16090100  
Skjalasafn Ráðhúss  
19. sep. 2016  
Bréfalykill: 230

***Tillaga að breytingu á gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara, dags. 5. júlí 2016.***


Á fundi velferðarráðs þann 15. september 2016 var lögð fram að nýju tillaga að breytingu á gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara, dags. 5. júlí 2016.

Lagt er til að velferðarráð samþykki breytingu á núverandi gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara með því að fella niður heimild til lækkunar gjalds við samnýtingu ferðar.

Tillagan samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Þetta er hér með sent ykkur til staðfestingar.

Virðingarfyllst,



Steinn Eiríksson,  
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Dagsetning: 5.7.2016  
Skrifstofa: Þjónustan heim  
Unnið af: Sigurbjörg Fjölnisdóttir  
Ábyrgð: Berglind Magnúsdóttir  
GoPro: VEL2015100005

Lagt fyrir velferðarráð 1.9.2016  
Lagt fyrir velferðarráð að nýju 15.9.2016

## Tillaga

### um breytingu á gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara

#### Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki breytingu á núverandi gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara með því að fella niður heimild til lækkunar gjalds við samnýtingu ferðar.

#### Greinargerð:

Í núverandi gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara, sem samþykkt var í borgarstjórn 15. desember 2015 og tók gildi 1. janúar 2016 er heimilað að farþegar greiði hálf gald í akstursþjónustunni, ef tveir eða fleiri aðilar panti og samnýti ferð. Hér er lagt til að þessi heimild verði felld niður. Helsta ástæðan fyrir því að fella niður heimildina er sú að umsýsluaðili þjónustunnar, Strætó bs., getur ekki haldið utan um þessa lækkun gjaldskrár og er því óframkvæmanlegt af þeirra hálfu. Einnig skal bent á það að þegar fatlað fólk pantar og samnýtir ferðir í ferðaþjónustu fatlaðs fólks hefur ekki verið boðið upp á þennan möguleika og er þessi breyting á gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara til samræmis við það.

#### Tillaga að breytingu:

Núverandi 1. gr. gjaldskrár akstursþjónustu eldri borgara:

1. gr.  
Greiðsla

*Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu eldri borgara er kr. 1.130 óháð fjölda ferða.  
Ef umsækjendur panta og samnýta ferðir, tveir eða fleiri, frá a til b þá greiðir hver farþegi kr. 565.*

Lagt er til að 1. gr. gjaldskrár akstursþjónustu eldri borgara verði sem hér segir:

1. gr.  
Greiðsla

*Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu eldri borgara er kr. 1.130 óháð fjölda ferða.*

Núverandi 6. gr. gjaldskrár:

6. gr.

*Gildistaka*  
*Samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2015.*  
*Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2016.*

Lagt er til að 6. gr. gjaldskrár verði sem hér segir:

*6. gr.*  
*Gildistaka*  
*Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. október 2016.*

**Samantekt/niðurstaða:**

Lagt er til að velferðarráð samþykki að breyta gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara með því að fella niður heimild til lækkunar gjalds við samnýtingu ferðar.